

Læsi

Inntak grunnþáttar:

Læsi snýst um samband orðanna við lífið sjálft, eða það sem við köllum raunveruleika og er grundvöllur alls náms og þarf að efla alla ævi. Það tengist kunnáttu og færni fólks til þess að færa hugsun sína í letur og geta skilið prentaðan texta. Læsi, í víðum skilningi felur í sér upplýsinga- og miðlalæsi sem aftur felur í sér að afla upplýsinga, flokka þær og meta. Einnig felur það í sér getuna til þess að lesa í umhverfi sitt og átta sig á menningarlegum tengslum sínum við það.

Hvernig birtist grunnþátturinn í starfi Varmahlíðarskóla?

- Lestrarkennsla er með skipulögðum hætti fram að unglingastigi og mikil áhersla lögð á læsi byrjenda. Nýjar stefnur hafa verið innleiddar á undanförunum árum, til að mynda Byrjendalæsi og Orð af orði.
- Stöðugt er hvatt til lestrar í öllum bekkjum og hann tengist öllu námi sem fram fer. Yndislestur er í hávegum hafður og reglulega er efnt til lestrarspretta, svo sem átaksins Lestrarhesturinn og Lestraráttak Ævars vísindamanns
 - Nemendur hafa góðan aðgang að bókasafni skólans til upplýsingaöflunar, jafnt úr prentuðu efni sem og af netmiðlum. Margvíslegar valgreinar eru í boði sem stuðla að læsi í víðum skilningi.
 - Áhersla er lögð á vandaðan upplestur sem borið hefur ríkulegan ávöxt í Stóru upplestrarkeppninni undanfarin ár.
- Myndmenntarkennsla er í hávegum höfð - nemendur eru hvattir til myndrýni, sköpunar og túlkunar.
 - Reykjarhólsskógur er stöðug uppspretta verkefna tengdum umhverfinu þar sem lesið er í skóginn, hann túlkaður á ýmsan hátt bæði verklega og bóklega í leik og starfi og hann tálgaður í tré.
- Uppsetning leikrita á árs hátíðum hefur löngum verið skrautfjöldur í hatti Varmahlíðarskóla. Lögð er áhersla á faglega leiðsögn sem styrkir og þroskar nemendur í túlkun og framsögn.

Sjálfbærni

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tökum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Sjálfbærni er sannarlega ekki nýtt hugtak en er nú orðinn hluti að námskrá í þeim tilgangi að skólasamfélagið - nemendur, starfsfólk, foreldrar og nærsamfélagið - axli sameiginlega ábyrgð á umhverfi sínu í daglegri þátttöku sinni í samfélaginu og efnahagslífi.

Í Varmahlíðarskóla eru ýmis námsmarkmið og starfshættir sem stuðla að sjálfbærni. Við skiptum sjálfbærni milli meginþáttanna *umhverfið*, *samfélagið* og *efnahagur þjóðar*.

Umhverfið: Varmahlíðarskóli er Grænfánaskóli og því vinna nemendur og starfsfólk stöðugt í umhverfismálum, s.s. umhverfismennt, endurvinnslu og endurnýtingu. Nærumhverfi skólans, skógurinn, er mikið nýttur; umhverfið sjálft þjónar sem kennslustofa í m.a. náttúrugreinum, íþróttum, stærðfræði og verkgreinum. Einnig nýtist efnið úr skóginum í a.m.k. helming verkefna í smíðum. Löng hefð er fyrir að nemendur eyði nokkrum vordögum á sveitabæjum og kynnist þá hefðbundnum sveitaverkum, og jafnframt vinna verkefni sem tengjast landnýtingu, náttúru, veðurfari og umhverfisþáttum s.s. mengun og öryggismálum. Varmahlíðarskóli leitast við að kynna nemendur fyrir náttúru og menningu í heimahéraði með vettvangs- og gönguferðum, s.s. göngu fram í Hildarsel, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir.

Samfélagið: Varmahlíðarskóli leitast við að mennta nemendur í jafnrétti, lýðræði og jöfnuði. Við viljum auka skilning nemenda á fjölbreytileika mannlífs, efla virðingu þeirra fyrir öðrum menningarheimum sem og öðrum kynslóðum. Sem dæmi um verkefni sem stuðla að þessum þáttum eru; Danmerkurferð 10. bekkjar, þátttaka í Comeníusarverkefnum, styrktarhlaup 7. og 8. bekkjar, Gaman saman og heimsóknir til eldri borgara á Löngumýri.

Efnahagur: Mikilvægt að nemendur skilji samspil efnahags og umhverfisverndar. Dæmi um viðfangsefni eru: fjármálalæsi í 10. bekk, mæling 7. bekkjar á sóun matar í skólanum og kostnaði þess, verkefni og vettvangsferðir um vatnsorku og virkjanir, vettvangsferðir í matvinnslufyrirtæki, sem og margvísleg verkefni á vegum verkefnisins Heilsueflandi skóli.

Lýðræði og mannréttindi

Meginmarkmið lýðræðis- og mannréttindamenntunar er að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær.

Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir lýðræðismenntunar og fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar.

Skólar þurfa að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins.

Hvernig birtist grunnþátturinn í starfi Varmahlíðarskóla:

- Í öllum bekkjum eru haldnir **bekkjarfundir** a.m.k. einu sinni í viku – oftast ef þörf þykir. Þar fá nemendur tækifæri til að tjá sig um allt milli himins og jarðar sem á þeim liggur. Einnig eru tekin fyrir fjölbreytt málefni, s.s. samskipti og hegðun innan sem utan bekkjar, ýmis dægurmál og hugðarefni nemenda.
- Nemendur í 7. – 10. bekk kjósa fulltrúa bekkjanna í **nemendaráð**. Kosinn er einn aðalmaður og annar til vara, nema í 10. bekk þar sem tveir aðalmenn eru og tveir til vara. Þeir nemendur sem hafa áhuga á að starfa í ráðinu bjóða sig fram.
- Varmahlíðarskóli starfar samkvæmt Olweusaráætlun um einelti.

- Varmahlíðarskóli starfar undir merkjum **Grænfánans** sem og er **Heilsueflandi** skóli. Valdir eru nemendur úr öllum bekkjum sem funda og starfa með starfsfólki skólans við mótun þessa starfs.
- **Nemendakönnun** er lögð fyrir árlega í 4., 7. og 10. bekk þar sem nemendur fá tækifæri til að svara spurningum og tjá skoðun sína á ýmsum þáttum skólastarfsins.
- **Sjálfsmat** fer fram hjá nemendum í 4. – 10. bekk. Þar vinna nemendur með gæðagreina sem sjálfsmatskerfi skólans og nemendur læra að iðka sömu vinnubrögð og starfsfólk skólans við að meta skólastarfið. Hugmyndir eru um að aðlaga matið fyrir yngsta stigið einnig og að leggja það fyrir heila árganga í einu.
- Á unglíngastigi velja nemendur námsgreinar í svokölluðum **valgreinum**. Þar fá þeir að velja á milli verk- og listgreina sem og nokkurra bóklegra greina sem annars eru ekki í boði. Valgreinatímarnir eru 8 kennslustundir á viku og eru þvert á árganga. Þar þurfa nemendur að læra að taka tillit og vinna með öðrum.
- Á hverju vori eyða nemendur Varmahlíðarskóla viku við **sveitastörf**. Þannig fá nemendur tækifæri til að kynna störfum í sveit og læra þannig að þekkja mikilvægi landbúnaðar í heimahéraði sem og að bera virðingu fyrir dýrum og náttúru.
- Í **skólaráði** sitja tveir fulltrúar nemenda á unglíngastigi - jafnan formenn nemendaráðs „...en þar eiga þeir kost á því að taka þátt í starfi skólaráðs þegar fjallað er um velferðar- og hagsmunamál nemenda, árlega starfsáætlun skóla, aðrar áætlanir er varða skólahaldið og um meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla“ (www.reglugerd.is).
- Stundum fá nemendur að **vinna með áhugasvið sitt**. Þeir velja efni eftir áhuga og ráða algjörlega framsetningu þess. Í lokin kynna nemendur sína vinnu fyrir samnemendum sínum.

Jafnrétti

Með jafnrétti er átt við jafnan rétt einstaklinga til náms, starfa, launa og þátttöku í þjóðfélaginu óháð kyni, aldri, stétt, búsetu, þjóðerni, litarhætti, menningu, trúarbrögðum, kynhneigð og fötlun.

Hvernig birtist jafnrétti í starfi Varmahlíðarskóla?

- Varmahlíðarskóli er skóli án aðgreiningar sem þýðir að öll börn á grunnskólaaldri í skólasamfélaginu eiga þess kost að stunda nám með jafnöldrum sínum. Skóli án aðgreiningar fagnar margbreytileika og hafnar einsleitni.
- Í daglegum samskiptum er þess gætt að borin sé virðing fyrir skoðunum annarra. Lífsgildi eins og kurteisi, umburðarlyndi, jákvæð samskipti og víðsýni eru í hávegum höfð. Dæmi um verkefni sem stuðla að eflingu þessara þátta eru t.d. Vinaliðaverkefnið og Vinaverkefnið.
- Á unglíngastigi er fjallað um jafnrétti í **lífsleiknitímum** út frá jafnrétti kynjanna, kynhneigð o.fl. Sem dæmi eru jafnréttismál rædd út frá *Kynningabókinni* svokölluðu.
- Á öllum stigum eru haldnir **bekkjarfundir** a.m.k. aðra hverja viku. Á yngsta stigi eru málefni líðandi stundar rædd út frá sjónarhorni ungra barna, rætt um virðingu, jafnrétti, ólík sjónarhorn og margt fleira. T.d. er notað námsefni eins og Spor 1-4, Stig af stigi. Í því námsefni er fjallað um samskipti ungra barna í gegnum hlutverkaleiki og ýmiss konar verklegum verkefnum þar sem nemendur þurfa að takast á við fjölbreytileg verkefni úr daglega lífinu.

- Í **bókmenntum** og **samfélagsfræði** er lögð áhersla á að greina innihald námsefnis út frá jafnréttissjónarmiðum með umræðum og verkefnavinnu. Hér eru nokkur dæmi:
 - Englar alheimsins, lesin í efstu bekkjum, gefur innsýn í líf með geðfötlun.
 - Bókin Anna frá Stóru Borg sem kennd er í 8. bekk fjallar um misjafna stöðu kynjanna og stéttaskiptingu á 16. öld.
 - Viðfangsefni námsefnisins Þjóðfélagsfræði sem nemendur í 10. bekk taka fyrir er líf og störf í nútímasamfélagi út frá jafnréttissjónarhorni.
 - Ýmsar lestarbækur á yngsta stigi höfða til jafnréttis karla og kvenna, kynstofna, mismunandi fjöldskyldur, mismunandi búseta í heiminum ofl.
- **Verknám** - Allir óháð kyni stunda sams konar nám í verkgreinum.
- **Valgreinar** - Öllum standa sömu valgreinar til boða
- **Olweus** - Eineltisáætlun skólans felur í sér að rætt er um jafnrétti, gagnkvæma virðingu og umburðarlyndi á vikulegum bekkjarfundum.
- **Skólaakstur** - Nemendum óháð búsetu er ekið í skólabílum í og úr skóla.
- **Niðurgreiddur mötuneytiskostnaður** - Matarkostnaði er haldið í lágmarki og þeim fjölskyldum sem ráða ekki við kostnað er boðið upp á fjárhagsaðstoð.

Heilbrigði og velferð

Góð **líkamleg** og **andleg** líðan þarf að haldast í hendur. Ein leið að því er að nemendur hafi sterka og góða **sjálfsmynd** en hluti af því er að þekkja og skilja eigin **tilfinningar** og annarra. Nemendur verða einnig að geta átt góð **samskipti**.

Hvíld og **næring** er mikilvægur hluti líkamlegrar og andlegrar velferðar. Regluleg hreyfing er nauðsynleg til velferðar sem og **hreinlæti** og **snyrtimennska**.

Nemendum á að líða vel í skólanum. Skólinn þarf að geta mætt þeirra þörfum, hvort sem er námslegar þarfir eða aðrar. Til þess er góð **stoðþjónusta** nauðsynleg, bæði í skólanum sem og önnur sérfræðiþjónusta utan hans. Skólinn þarf að hafa góðar **forvarnaráætlanir** sem lúta að andlegri og líkamlegri velferð sinna nemenda.

Skólinn þarf að sinna **öryggi** nemenda alls staðar í skóla og skólalóð. Allra leiða sé leitað til að reyna að koma í veg fyrir slyss og áföll en verði svo engu að síður séu **viðbragðsáætlanir** til staðar.

Hvernig birtist heilbrigði og velferð í starfi Varmahlíðarskóla?

- Heilsueflandi skóli - síðan árið 2011 hefur Varmahlíðarskóli starfað undir merkjum [Heilsueflandi skóla](#).
- Mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk - hollur og fjölbreyttur matur
- Heimilisfræði - hreinlæti og næring
- Íþróttir og íþróttaviðburðir, íþróttaval, íþróttamiðstöð, sund einu sinni í viku
- Árshátíðarvinna
- Söngur í setustofu
- Skólaliðar - á matmálstímum aðstoða skólaliðar yngri nemendur á ýmsan hátt. Þeir aðstoða þá líka í kringum útivist og frímínútur við að klæða sig í og úr útifötum.
- Öryggisnefnd - brunaæfingar

- Nemendaverndarráð sem í sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi, félagsmálastjóri, hjúkrunarfræðingur og uppeldis- og sálfræðiráðgjafi.
- Stoðþjónustan -
 - Sérkennslustjóri
 - Talmeinafræðingur
 - Sálfræðingur
 - Uppeldis- og sálfræðiráðgjafi
 - Félagsráðgjafi
 - Hjúkrunarfræðingur
- Forvarnir -
 - Maritafræðslan
 - Tóbakslaus bekkur
 - Lífsleikni - umræður, myndbönd og annað efni þar sem fjallað er um efni líðandi stundar s.s. sjálfsmynd unglunga, kynhneigð, andleg efni
- Viðbragðsáætlanir -
 - Olweusaráætlun um einelti
 - Áætlun um slys og áföll
 - Tilkynningar vegna óveðurs/ófærðar

Sköpun

Í Varmahlíðarskóla er lögð áhersla á skapandi og gagnrýna hugsun nemenda. Þeir eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða og í að afla sér þekkingar með ýmsum leiðum s.s. í gegnum Veraldarvefinn og með bókum. Nemendur eru einnig hvattir til að sýna frumkvæði og nýta ímyndunaraflíð til frekara náms og nýsköpunar. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir til að efla færni nemenda í þekkingarleit, sjálfstæðum athugunum, leik, samanburði og samskiptum.

Hvernig birtist sköpun í starfi Varmahlíðarskóla?

- Fjölbreyttar valnámsgreinar á unglingastigi
- Árshátíðir
- Nýsköpunarkeppni
- Tæknilegó
- Vorverkefni
- GAFE - kynningar, ritgerðir- Nearpod
- Skapandi skrif í ýmsum námsgreinum
- Almennar verkgreinar
- Þemaverkefni
- Grenndarkennsla